



Sveitarstjórnarfundur 18. mars 2026

Miðvikudaginn 18. mars 2026 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 40. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella B. Petersen, Hildur Aradóttir og Ingólfur Árni Haraldsson.

Oddviti setti fund kl. 16:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Hildur Aradóttir leitar afbrigða sbr. lið nr. 11, 12 & 13.
Afbrigði er samþykkt samhljóða.

Dagskrá 40. fundar:

1. Fundargerð 39. sveitarstjórnarfundar 11.02.2026
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga
5. Stjórnsýsluskoðun Kaldrananeshrepps 2025
6. Ábyrgð vegna lántöku fyrir Sorpsamlag Strandasýslu ehf.
7. Áætlun um öryggi og heilbrigði
8. Skapalón af MÁP vegna Nemendagrunns
9. Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags
10. Aðalskoðun leiksvæða í Kaldrananeshreppi
11. Seglið – Útilistaverk á Forvaða
12. Deiliskipulag á Drangnesi
13. Deiliskipulag í landi Skarðs í Bjarnarfirði

Fundargerð:

1. Fundargerð 39. sveitarstjórnarfundar 11.02.2026.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

3. Aðrar fundargerðir

- a. 24. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 11.02.2026.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

- b. 58. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps, 02.03.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- c. Stjórnarfundur Sorpsamlags Strandasýslu ehf., 13.03.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- d. Samband íslenskra sveitarfélaga, 993. fundur stjórnar, 18.02.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- e. Samband íslenskra sveitarfélaga, 994. fundur stjórnar, 03.03.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga, 995. fundur stjórnar, 10.03.2026.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir hér með á fundi sínum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að útgreiðslufjárhæð allt að kr. 70.000.000,- með lokagjalddaga þann 5. nóvember 2055 í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Til tryggingar láninu – þ.m.t. höfuðstól, uppgreiðslugjaldi, vöxtum, dráttarvöxtum og öðrum kostnaði – samþykkir sveitarstjórnin að tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, verði veðsettar.

Lánið er tekið til að fjármagna kaup á félagslegu húsnæði og fjárfestingu í hitaveitu. Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Jafnframt er Finni Ólafssyni, oddvita, kt. 301284-21179, veitt fullt og ótakmarkað umboð að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Kaldrananeshrepps, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

5. Stjórnsýsluskoðun Kaldrananeshrepps 2025

KPMG sendi sveitarfélaginu glærur vegna niðurstaða varðandi stjórnsýslu sveitarfélagsins og vinnu við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2025.

Glærur lagðar fram til kynningar og rædd viðbrögð við athugasemdum.
Oddvita & skrifstofustjóra falið að bregðast við athugasemdum.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

6. Ábyrgð vegna lántöku fyrir Sorpsamlag Strandasýslu ehf.

Ákvörðun um veitingu einfaldrar ábyrgðar, veðsetningu tekna til tryggingar ábyrgðinni og umboð til undirritunar lánasamnings vegna láns Sorpsamlags Strandasýslu í eigu sveitarfélagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga:

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir hér með á fundi sínum að veita einfalda ábyrgð á láni Sorpsamlags Strandasýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ábyrgðin nær til láns að höfuðstól allt að kr. 9.000.000,- með lokagjalddaga þann 4. desember 2033 í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Samþykkið nær jafnframt til undirritunar lánasamnings og þess að sveitarfélagið taki á sig þær skyldur sem þar greinir. Lánið er tekið til að endurfjármagna afborganir á eldri lánum félagsins hjá Lánasjóðnum.

Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Sveitarstjórnin skuldbindur sveitarfélagið sem eiganda félagsins til að breyta ekki ákvæðum samþykta félagsins sem kveða á um að félagið megi ekki, að neinu leyti, fara í eigu einkaaðila. Ef sveitarfélagið selur eignarhlut sinn til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að tryggja að nýr eigandi yfirtaki ábyrgð á láninu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Er lánið tekið til að fjármagna kaup á vélum, tækjum og áhöldum sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Finn Ólafssyni, oddvita, kt. 301284-2179, veitt fullt og ótakmarkað umboð að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Kaldrananeshrepps, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Áætlun um öryggi og heilbrigði

Erindi barst vegna áætlunar um öryggi og heilbrigði. Tilgangur með gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði er fyrst og fremst að fyrirbyggja og draga úr slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsmenn geta orðið fyrir við störf sín.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn felur skrifstofustjóra að hefja vinnu að áætlun um öryggi og heilbrigði. Borið upp og samþykkt samhljóða.

8. Skapalón af MÁP vegna Nemendagrunns

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) & Samband íslenskra sveitarfélagahafa unnið náði við að koma upp sameiginlegri innritun í grunnskóla í gegnum umsóknir á island.is. Þær umsóknir fara svo í nemendagrunn til afgreiðslu.

Fyrir liggja drög að vinnslusamningi frá MMS vegna þessa, ásamt skapalóni að mati á áhrifum á persónuvernd (MÁP) sem sveitarfélög geta nýtt sér til að flýta fyrir innleiðingu á sameiginlegri innritun.

Drög að vinnslusamningi og skapalón lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn felur skrifstofustjóra að annast erindið í samræmi við skólastjóra Grunnskóla Drangsness. Borið upp og samþykkt.

9. Umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags

Kaldrananeshreppi barst beiðni um niðurgreiðslu á leikskólaplássi í nágrennasveitarfélagi þar sem ekki er komin dagvistun á Drangsnes.

Hildur og Ingólfur víkja af fundi vegna vanhæfis.

Beiðni lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við umsókninni og mun greiða kostnað við leikskólavist í öðru sveitarfélagi þar til starfræktur verður leikskóli í sveitarfélaginu.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Hildur og Ingólfur mæta aftur á fund.

10. Aðalskoðun leiksvæða í Kaldrananeshreppi

Tilboð barst frá BSI á Íslandi ehf. í aðalskoðun leiksvæða í Kaldrananeshreppi.

Tilboð lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn ákveður að verða ekki við tilboðinu að svo stöddu þar sem áætlað er að reisa nýtt leiktæki í sveitarfélaginu.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

11. Segl – Útilistaverk á Forvaða

Erindi barst frá aðstandendum verkefnisins Segl, útilistaverks á Forvaða. Aðstandendur vilja færa Kaldrananeshreppi Seglið að gjöf gegn því skilyrði að sveitarfélagið annist uppsetningu verksins.

Sveitarstjórn ákveður að taka á móti hinu stórglæsilega útilistaverki Seglið og ábyrgist

uppsetningu þess.

Sveitarstjórn felur skrifstofustjóra í samræmi við byggingarfulltrúa að fara í þá ferla að leita heimilda til uppsetningar verksins.

Borið upp og samþykkt.

12. Deiliskipulag á Drangnesi

Framlögð tillaga að deiliskipulagi ÍS5 - Vitavegar á Drangnesi til afgreiðslu skv. 4.

mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið er íbúðarsvæði ÍS5 skv.

aðalskipulagi og tekur til níu einbýlishúslóða við Vitaveg.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Framlögð tillaga að breytingu á deiliskipulagi Drangness til afgreiðslu skv. 4. mgr. 40.

gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingartillagan felur í sér breytt skipulagsmörk á

svæði E til samræmis við tillögu að nýju deiliskipulagi Vitavegar. Nýtt deiliskipulag

fyrir Vitaveg verður auglýst samhliða breytingartillögunni.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

13. Deiliskipulag í landi Skarðs í Bjarnarfirði

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps hefur samþykkt til auglýsingar tillögu að breytingu

Aðalskipulags Kaldrananeshrepps 2010-2030, sem felur í sér að stækka svæði fyrir

frístundabyggð FS9 í landi Skarðs um 8 ha á kostnað skilgreinds landbúnaðarsvæðis skv. aðalskipulaginu.

Í samræmi við 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004 tekur sveitarstjórn Kaldrananeshrepps

eftirfarandi afstöðu vegna breytingar á landnotkun á hluta jarðarinnar Skarðs, þar sem

fyrirhuguð er breyting úr landbúnaðarlandi yfir í frístundabyggð.

a) Um stærð lands og staðsetningu með tilliti til nýtingaráforma:

Landið sem lagt er til að verði tekið úr landbúnaðarnotum er ekki stærra en

nauðsynlegt er miðað við fyrirhuguð áform, sem fela í sér allt að fjölga

frístundahúsalóðum úr 10 í 30 og stækka núverandi svæði fyrir frístundabyggð

(FS9) í landi Skarðs um 8 ha. Búfjárrækt lagðist af á Skarði á síðustu öld og eru

ádeins stundaður fjárbúskapur á 4 jörðum í hreppnum.

Breytingarsvæðið nær yfir 8 ha af 18,4 ha bæjartúnum Skarðs og tekur til þess hluta

bæjartúnsins sem er melur með grunnan jarðveg, fremur rýra grasþekju og mjög

þurr ræktarland. Að mati sveitarstjórnar er ekki um að ræða gott landbúnaðarland

til lengri tíma. Eftir breytinguna eru rúmlega 10 ha eftir af bæjartúnum Skarðs sem

eru betri til ræktunar, en engar líkur eru taldar á að fjárbúskapur verði endurvakin á

Skarði. Ekki er skortur á heppilegra landbúnaðarlandi í sveitarfélaginu. Í ljósi þessa

og góðs aðgengis að svæðinu, sem er vel staðsett í samhengi við vegakerfi og

ferðaþjónustu í sveitarfélaginu, eru ekki taldir vera raunhæfir valkostir um aðra staðsetningu á landi sem hentar síður til landbúnaðar.

b) Um áhrif breyttrar landnotkunar á aðliggjandi landbúnaðarsvæði:

Breytingin hefur ekki neikvæð áhrif á aðliggjandi landbúnaðarsvæði. Svæðið er eðlilega afmarkað og í hæfilegri fjarlægð frá starfandi búrekstri. Fyrirhuguð nýting raskar ekki hefðbundnum landbúnaði í nágrenni.

Sveitarstjórn samþykkir því að framangreind breyting á landnotkun úr landbúnaði í frístundabyggð sé í samræmi við 5. gr. jarðalaga og felur ekki í sér óásættanlega skerðingu á ræktunarhæfu landi né óæskileg áhrif á aðliggjandi búrekstur.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið klukkan 17:15